



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 139/2445
komudagur 17.5.2011

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. maí 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.
Lagt fram á 139. löggjafarþingi 2010-2011. Þskj. 1225– 706. mál.**


Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur borist beiðni allsherjarnefndar Alþingis varðandi umsögn um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Erindi allsherjarnefndar Alþingis þar að lútandi var sent borgarlögmanni þann 29. apríl sl.

Af hálfu Velferðarsviðs eru gerðar eftirfarandi athugasemdir varðandi efni 16. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um tengsl við sveitarfélög :

Fram kemur að þegar manni hafi verið vísað brott af heimili sínu skuli lögregla tilkynna brottvísunina til félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Í því skyni sé lögreglu heimil miðlun persónuupplýsinga að því marki sem hún verður talin nauðsynleg við vinnslu málsins. Við slíka miðlun upplýsinga má gera ráð fyrir að í samskiptum lögreglu og félagsmálayfirvalda geti komið til þess að slík miðlun verði gagnkvæm. Að mati Velferðarsviðs er nauðsynlegt að taka fram í ákvæðinu að þessi miðlun upplýsinga sé heimil þrátt fyrir reglur um þagnarskyldu í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og barnaverndarlögum nr. 80/2002. Í þessu sambandi má líta til þess að í h-lið 54. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga er að finna ákvæði af svipuðum toga hvað varðar tilkynningarskyldu stjórnvalda til Útlendingastofnunar og lögreglu.

Í athugasemdum með 16. gr. frumvarpsins er fjallað um skyldu viðkomandi sveitarfélags til að sjá einstaklingi sem hefur sætt brottvísun fyrir húsnæði. Samkvæmt 46. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga er lögð sú skylda á sveitarfélög að leysa úr bráðum húsnæðisvanda fólks. Lög nr. 40/1991 eru rammalög um félagsþjónustu sem sveitarfélögum ber að veita og hafa því sveitarfélögin mikið svigrúm til að ákveða sjálf með hvaða hætti þjónustan er veitt. Reykjavíkurborg hefur sinnt þessarri skyldu með því að reka gistiskyli fyrir karla að Þingholtsstræti 21 og athvarf fyrir konur að Eskihið. Um önnur úrræði er ekki að ræða og í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð er ekki að finna heimild til að greiða fyrir kostnað sem hlýst af dvöl á gistiheimili í aðstæðum sem slíkum.

Virðingarfyllst,
f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar


Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfr.